

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II. HLUTI

Þjóðhagfræði

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Þjóðhagfræði

Prófdagur: 1. febrúar 2017..... Kl.: 16:00 – 20:00.....

Úrlausnartími: 4 klst. Prófblið: 7 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Engin. Fylgiblöð: Engin.....

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFI, PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Hluti A (50%) Hver spurning gildir 5% Ef valinn er réttur kostur en rökstuðning vantar eru mest gefin tvö stig fyrir svárið. Að öðru leyti ræður mat kennara á efni svars.

1. Gerum ráð fyrir að löghlýðinn einstaklingur, karl eða kona, gangi í hjúskap með garðyrkjumanni sínum. Takið rökstudda afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga: Þá mun landsframleiðsla (VLF)
 1. haldast óbreytt svo lengi sem þjónustan er veitt.
 2. aukast af því að þjónustan er nú veitt fríkeypis eins og stundum er tekið til orða.
 3. minnka af því að þjónustan er ekki lengur veitt á grundvelli markaðsviðskipta.
 4. haldast óbreytt af því að garðyrkjuþjónusta er óáþreifanleg ólíkt því sem á við vörur og reiknast því ekki með í landsframleiðslu.
 5. Störf að ræktun og umhirðu garða eru ónauðsynleg og falla því utan þjóðhagsreikninga.

2. Takið rökstudda afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga: Ef vísitala neysluverðs er 200 í þessum mánuði og grunnár vísitölunnar er 1988, þá kostar
 1. 100 kr. í dag að kaupa það sem kostaði kr. 50 á grunnárinu.
 2. Eina krónu í dag að kaupa það sem kostaði kr. 100 á grunnárinu.
 3. 300 kr. í dag að kaupa það sem kostaði 100 kr. á grunnárinu.
 4. Tvö hundruð krónur að kaupa það sem kostaði eina krónu á grunnárinu.
 5. Allir kostir eru réttir.
 6. Enginn kostur er réttur.

3. Setjið fram og skýrið grundvallarjöfnu þjóðhagsreikninga og útskýrið merkingu allra stærða sem koma fyrir í henni. Skýrið einnig merkingu hinnar kunnuglegu jöfnu

$$S = Y - C - T.$$

4. Eftirfarandi líking sem leidd er af undirstöðujöfnu þjóðhagsreikninga með hjálp jöfnunnar að ofan þar sem öll tákna hafa hefðbundna merkingu í þjóðhagsfræði.


$$(S - I) + (T - G) = NX$$

Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt í ljósi þessarar jöfnu? Rökstyðjið.

1. Afgangur á viðskiptum við útlönd leiðir með alsjálfvirkum en seinvirkum hætti af sér afgang í rekstri hins opinbera.
2. Nægi innlendur sparnaður og skattar ekki fyrir opinberum útgjöldum og innlendra fjárfestingu verður halli á viðskiptum við útlönd.
3. Stærðin $G - T$ sýnir tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis eins og skammstöfunin sýnir glögg.
4. Ef halli er á ríkisgeiranum og fjárfesting fer fram úr sparnaði einkageirans verður afgangur á viðskiptum við útlönd.

5. Allar fullyrðinganna eru réttar.
5. Takið rökstudda afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga: Jafnvægisvextir myndast á peningamarkaði þegar
1. peningastefnunefnd seðlabankans hefur ákveðið með auknum meirihluta að framboð peninga er ekki neitt
 2. útlán og lántökur einkageirans hafa náð hámarki
 3. framboð peninga er jafnt eftirspurn
 4. eftirspurn eftir peningum er engin vegna aukinnar notkunar greiðslukorta
 5. seðlabankinn sækir með atbeina utanríkisráðuneytisins um aukaaðild að Evrópska seðlabankanum í Frankfurt.
6. Gerum ráð fyrir að gengið á evru hafi styrkst gagnvart bandaríkjadal í viðskiptum dagsins. Óskað er eftir rökstuddu svari: Á grundvelli þessara upplýsinga má álykta að
1. Bandaríkjadalur styrktist gagnvart sterlingspundi.
 2. Sterlingspund veiktist gagnvart evru.
 3. Sterlingspundið styrktist gagnvart bandaríkjadal.
 4. d . Bandaríkjadalur veiktist gagnvart evru.
 5. Öll ofangreind svör eru röng.
7. Takið rökstudda afstöðu til eftirtalinna fullyrðinga. Almennt er hlutverkt peninga talið vera
1. reiknieining í viðskiptum til að ákvarða verð á vöru
 2. verðmætagymir til að varðveita fé um lengri eða skemmri tíma
 3. gjaldmiðill í viðskiptum til að koma í stað vöruskipta
 4. öll ofangreind svör eiga við
 5. ekkert svaranna á við.

Svarið eftirfarandi tveimur spurningum með rökstuddum hætti á grundvelli neðangreindrar myndar.



8. Ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands um lækkun vaxta færir hagkerfið frá C til
 1. B til skamms tíma og langs tíma
 2. D til skamms tíma og langs tíma
 3. B til skamms tíma og A til langs tíma
 4. D til skamms tíma og C til langs tíma
 5. A til skamms tíma og B til langs tíma

9. Samtök olíuframleiðsluríkja, OPEC, fallast á rökstudda tillögu Sádi-Arabíu um samdrátt í framleiðslu og meðfylgjandi hækkun olíuverðs. Þá má lýsa áhrifum á efnahagslífið hér á landi með færslu úr punktinum
 1. A í B.
 2. B í C.
 3. C í D.
 4. D í C.
 5. C í B.

10. Veitið rökstutt svar um hver eftirtalinna kosta er réttur: Lækkun vaxta erlendis mun að öðru óbreyttu ____ eftirspurn eftir krónu og leiða til þess að krónan _____.
 1. draga úr; styrkist
 2. auka; veikist
 3. auka; styrkist
 4. draga úr; veikist
 5. ekki hreyfa; stendur í stað

Hluti B (50%). Ritgerðarspurningar. Svarið öllum spurningum og vandið frágang.

1. (15%) Hver liður vegur 5%.

Peningamagn og peningamyndun á vettvangi viðskiptabankanna.

- a. Gerið grein fyrir hugtakinu peningamagn.
- b. Útskýrið ítarlega hvernig aukning á peningamagni getur átt sér stað á vettvangi viðskiptabankanna.
- c. Skýrið helstu hugtök í þessu sambandi.

2. (15%) Hver liður vegur 5%.

Hugtakið raungengi krónunnar.

- a. Skýrið nákvæmlega hugtakið raungengi og tvær birtingarmyndir þess.
- b. Fjallið um beitingu raungengisins sem mælikvarða á samkeppnisstöðu atvinnulífsins.
- c. Lýsið ályktunum sem raungengishugtakið býður upp á um viðbrögð við atburðum sem rýra samkeppnisstöðu innlendra atvinnufyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum.

3. (20%) Hver liður vegur 5%.

Meðal þeirra líkana af efnahagslífinu sem kynnt eru í námskeiðinu er líkan þróað af Hicks á grundvelli kenninga Keynes. Er þetta haglíkan jafnan kallað IS-LM.

- a. Gerið grein fyrir IS-LM líkaninu.
- b. Greinið frá hvernig líkanið tengist mikilvægum mörkuðum í hagkerfinu.
- c. Veitið yfirlit um hvaða efnahagslegir þættir geta hliðrað ferlum líkansins.
- d. Lýsið hvernig beita má líkaninu til að greina hvaða áhrif hljóttast af aukningu ríkisútgjalda á þjóðarbúskapinn.